## Um flytjendur

**Páll Helgason** útskrifaðist frá Verslunarskóla Íslands 1965 og hóf þá verslunar- og skrifstofustörf. Árið 1980 hóf hann tónlistarnám hjá Ólafi Vigni Albertssyni og lauk tónfræðinámi frá Tónlistarskóla Mosfellsbæjar 1985. Hann hefur starfað óslitið síðan við tónlist, m.a. var hann stjórnandi Álafosskórsins 1980-1988. Hann er nú organisti í Reynivallaprestakalli, söngstjóri Karlakórs Kjalnesinga, Vorboða í Mosfellsbæ, Mosfellskórsins og Landsvirkjunarkórsins. Hann er tónlistarkennari við Ásgarðsskóla í Kjós og Klébergsskóla á Kjalarnesi. Þá hefur Páll tekið að sér hljóðfæraleik í einkasamkvæmum.

**Kolbrún Sæmundsdóttir** er fædd í Reykjavík. Hún hóf píanónám 7 ára í einkatímum hjá Gunnari Sigurgeirssyni, síðar hjá frú Hermínu Kristjánsson í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þegar hún var 16 ára lá leiðin til Jóns Nordal og lauk hún píanókennaraprófi árið 1965. Hún hefur tekið þátt í námskeiðum hjá Eric Werba, Oren Brown, Clöru Taylor o.fl. Kolbrún hefur starfað sem píanóleikari við Söngskólann í Reykjavík frá árinu 1977.

**Peter Máté** er fæddur í Roznava í Tékkóslóvakíu. Hann lærði hjá Ludmilu Kojanová í Kosice og Valentinu Kameníková við Tónlistarakademíuna í Prag. Á námsárunum vann hann til margra verðlauna í heimalandi sínu og síðar í alþjóðlegum keppnum, svo sem í Vercelli og Enna á Ítalíu 1986 og 1989. Peter hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1990 og kennir nú við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann hefur haldið einleikstónleika, leikið einleik með ýmsum sinfóníuhljómsveitum og tekið þátt í kammertónleikum víða í Evrópu og Bandaríkjunum.

## Næstu tónleikar í Salnum

**Laugardagur 30. mars kl. 16:00**
**Óperuperlur – styrktartónleikar Norðuróps**
Flytjendur: Dagný Jónsdóttir sópran, Elín Halldórsdóttir sópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir mezzosópran, Hrólfur Sæmundsson bariton, Jóhann Smári Sævarsson bassi og Anne Champert píanóleikari

**Fimmtudagur 4. apríl kl. 20.00**
**Píanótónleikar -** Unnur Fadila Vilhelmsdóttir leikur Píanósónötu op. 31 nr. 3 í Es dúr eftir Beethoven, Ballöðu nr. 4 eftir Chopin og Píanósónötu nr. 8 eftir Prokofieff

**Föstudagur 5. apríl kl. 20.00**
**Söngvar skáldsins**
Skólakór Kársness flytur dagskrá í tilefni af 100 ára ártíð Halldórs Kiljan Laxness. Stjórnandi Þórunn Björnsdóttir.

**Sunnudagur 7. apríl kl. 20:00**
**TÍBRÁ Röð 3 Píanótónleikar**
Ann Schein leikur Eroica tilbrigðin op. 35 eftir Beethoven, Sónötu fyir píanó eftir Béla Bartók og Prelúdíur op. 28 eftir Fryderyk Chopin.

**Föstudagur 12. apríl kl. 20:00**
**TÍBRÁ Röð 4 Rússíbanarnir**
Einar Kristján Einarsson, gítar, Guðni Franzson, klarinett, Jón Skuggi, kontrabassi, Tatu Kantomaa, harmónikka og Matthías Hemstock, slagverk. Gestur: Íma Þöll Jónsdóttir, fiðla. Gyðinga-klezmer, sígaunamúsík, latneskt bít og verk klassískra meistara.

**Laugardagur 13. apríl kl. 20:00**
**Söngtónleikar**
**- til styrktar Parkinson-samtökunum Sigurvon**
Á efnisskrá m.a. Kantata eftir Eirík Árna Sigtryggsson við ljóð eftir Héðinn Waage. Meðal flytjenda eru Elsa Waag, Katla Björk Rannversdóttir, Sigurður Skagfjörð, Þorvaldur Þorvaldsson og Jónas Zen.

**Miðasala er opin virka daga frá kl.13.00-18.00 tónleikadaga til kl. 20.00 og um helgar klukkustund fyrir tónleika.**

Hamraborg 6 · 200 Kópavogi · sími 570 0400 · fax 570 0401
salurinn@salurinn.is · www.salurinn.is

# Söngtónleikar Landsvirkjunar í Salnum

26. mars 2002 kl. 20.00

Þuríður G. Sigurðardóttir
sópran

Þorgeir J. Andrésson
tenór

Kolbrún Sæmundsdóttir
píanó

Peter Máté
píanó

Landsvirkjunarkórinn
Stjórnandi Páll Helgason

## Um flytjendur

**Þuríður G. Sigurðardóttir**
hóf nám í einsöng við Tónlistarskóla Kópavogs samhliða háskólanámi. Síðan stundaði hún nám við Söngskólann í Reykjavík og lauk þaðan kennaraprófi vorið 1992. Aðalkennarar hennar voru Elísabet Erlingsdóttir, Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Guðmundur Jónsson auk Kolbrúnar Sæmundsdóttur píanóleikara. Hún hefur sótt ýmis námskeið í söng og leiktúlkun fyrir söngvara, innanlands og utan og hefur undanfarin ár sótt reglulega einkatíma og námskeið hjá prof. André Orlovitz í Kaupmannahöfn. Þuríður hefur margoft komið fram sem einsöngvari með kórum auk tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur sungið á Listahátíð í Ungverjalandi og einnig á Ítalíu og í Danmörku. Meðal verkefna eru C-dúr messa Mozarts, Sálumessa Fauré, Gloria eftir Vivaldi, Jólaóratóría eftir Camille Saint-Saëns, Excultate Jubilate eftir Mozart og Messa Marsellíusar páfa eftir Palestrina. Hún er félagi í Óperukórnum en hefur að auki m.a. sungið með Þjóðleikhúskórnum og Pólífónkórnum. Þuríður kenndi við Tónlistarskólann á Seltjarnarnesi árin 1994 - 2000 og hefur haldið fjölda námskeiða auk raddþjálfunar ýmissa kóra, þar á meðal kórs Landsvirkjunar fá upphafi. Þuríður er kerfisfræðingur hjá Reiknistofu bankanna.

**Þorgeir J. Andrésson**
stundaði nám í Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu m. a. Garðars Cortes og Guðrúnar A. Kristinsdóttur. Hann naut einnig tilsagnar hjá óperusöngkonunni Liliana Aabye í Hamborg og sótti námskeið í ljóðatúlkun hjá dr. Erik Werba bæði hérlendis og erlendis. Hann var ráðinn söngvari hjá ríkisóperunni í Hamborg 1986 og við Wagnerhátíðina í Bayreuth 1987. Þorgeir hefur haldið einsöngstónleika og sungið einsöng með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur sungið á óperusviði í Íslensku óperunni, Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og í óperuhúsunum í Gautaborg, Hamborg og Bayreuth. Hann hefur sungið einsöng með fjölda íslenskra kóra. Hann hefur sungið inn á fjölda geisladiska m.a. sem einsöngvari með ýmsum kórum. Hann hefur sungið einsöng í fjölmörgum oratorium, messum og kantötum auk fjömargra hlutverka á óperusviði. Þorgeir er byggingaverkfræðingur og starfar sem forstöðumaður grunnnets Landsvirkjunar.

## Efnisskrá

| | |
|---|---|
| Vísur Vatnsenda-Rósu<br>Einsöngur ÞGS | Þjóðlag í úts. Jóns Ásgeirssonar<br>Ljóð: Skáld-Rósa |
| Nú dönsum við síðasta dansinn<br>Einsöngur ÞGS | Lag: Karl O. Runólfsson<br>Ljóð: Kristmann Guðmundsson |
| Vorgyðjan kemur<br>Einsöngur ÞJA | Lag: Árni Thorsteinsson<br>Ljóð: Guðm. Guðmundsson |
| Heyr mig<br>Einsöngur ÞJA | Lag: Ingi T. Lárusson<br>Ljóð: Einar Benediktsson |
| Gistaboð um nótt<br>Einsöngur ÞGS | Lag: Jórunn Viðar<br>Ljóð: Einar Bragi |
| Únglíngurinn í skóginum<br>Einsöngur ÞGS | Lag: Jórunn Viðar<br>Ljóð: Halldór Laxness |
| Bikarinn<br>Einsöngur ÞJA | Lag: Eyþór Stefánsson<br>Ljóð: Jóhann Sigurjónsson |
| Áfram<br>Einsöngur ÞJA | Lag: Árni Thorsteinsson<br>Ljóð: Hannes Hafstein |
| Tondeleyo<br>Dúett ÞGS og ÞJA | Lag: Sigfús Halldórsson<br>Ljóð: Tómas Guðmundsson |

**Hlé**

| | |
|---|---|
| Eitt sinn í æskutíð<br>Kór | Lag: Johann Strauss<br>Þýð. Emil Thoroddsen |
| Amigos para siempre<br>Dúett ÞGS og ÞJA | Lag: A. L. Webber og Don Black<br>Þýð. Einar Steinþórsson |
| Varir þegja<br>Dúett og kór | Lag: F. Lehár, úr Kátu ekkjunni<br>Þýð. Karl Ísfeld og Guðm. Jónss. |
| Vilja Lied<br>ÞGS og kór | Lag: F. Lehár, úr Kátu ekkjunni |
| Casta diva<br>ÞGS og kór | Lag: Bellini, úr Norma |
| Wien, du Stadt meiner Träume<br>ÞJA og kór | Lag: R. Sieczynski |
| Grobbaría Barinkay<br>ÞJA og kór | Lag: Johann Strauss<br>Þýð. Egill Bjarnason |
| Brindisi<br>Dúett og kór | Úr La Traviata eftir Verdi |

## Landsvirkjunarkórinn

**Sópran**
Bjarney Einarsdóttir
Erla R. Guðmundsdóttir
Helga Guðjónsdóttir
Ingibjörg Á. Þrastardóttir
Jóhanna Gunnarsdóttir
Kristín Kristinsdóttir
Ólöf Magnúsdóttir
Sigrún Halldórsdóttir
Stefanía Sófusdóttir

**Alt**
Agnes Steinarsdóttir
Ásdís Sveinsdóttir
Edda Agnarsdóttir
Emilía Söebech
Hallgerður Þórðardóttir
Helga Kjaran
Kristín V. Richardsdóttir
Ruth Fjeldsted
Sigríður R. Sigurðardóttir
Sigrún Kristjánsdóttir
Soffía Þórisdóttir

**Tenór**
Andrés Svanbjörnsson
Ámundi Kristjánsson
Bergur Jónsson
Birgir Karlsson
Gylfi Theodórsson
Hjalti Sigmundsson
Oddur Dagbjartsson
Sigurður St. Arnalds
Theodór Theodórsson

**Bassi**
Atli Ágústsson
Gísli Gíslason
Grétar Snær Hjartarson
Ólafur Sigurðsson
Þráinn Sigurjónsson